

Grunnshóli Reyðarfjarðar



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Skólaárið 2017 - 2018

Móðurmál í fjölbreyttum heimi

*Hugrökku ❤ er ekkert
ómögulegt*



Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Grunnskóli Reyðarfjarðar

Nafn verkefnisins: Móðurmál í fjölbreyttum heimi

Nafn verkefnissjóra: Ásta Ásgeirsdóttir og Guðlaug Árnadóttir

Númer samnings og styrkár: UMS 139, 2017 – 2018

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að allir nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar hafi aðgengi að kennslu í móðurmáli sínu og geti þannig bætt við orðaforða sinn og verið betur undirbúnir fyrir áfram haldandi nám eftir að grunnskóla lýkur. Að nemendur nái góðum tökum á móðurmáli sínu með aukinni kennslu í því og með því aukist skilningur á nýja tungumálínu og nemendur þannig betur undirbúnir fyrir þátttöku í íslensku samfélagi.

Leiðin að markmiðinu

Á undanförnum árum hefur fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku fjölgæð jafnt og þétt í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Lengst af hafa nemendur frá Póllandi verið fjölmennastir í þessum hópi. Við höfum átt því láni að fagna að hafa innan okkar starfsmannahóps einn kennarara og einn stuðningsfulltrúa sem báðir eru frá Póllandi. Þessir starfsmenn hafa komið að kennslu barna með pólsku sem móðurmál með ýmsum hætti. Fyrir einu og hálfu ári síðan flutti til Reyðarfjarðar fjölskylda frá Írak með fimm börn á skólaaldri. Móðurmál þeirra er arabíska. Með þá reynslu í farteskinu að hafa innan starfsmannahópsins einstaklinga sem tala móðurmál nemenda frá fjarlægum löndum hófst leit að arabískumælandi kennara. Sú leit bar árangur og er það mat okkar að það skipti sköpum í aðlögun nemenda að íslensku skólaumhverfi og samfélaginu öllu. Á sama tíma fluttu til okkar systkin sem höfðu búið í Noregi um tíma. Til að koma til móts við þau keyptum við þjónustu frá Tungumálaveri Laugalækjarskóla.

Frávik og hindranir

Nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar koma víðar að en frá þeim löndum sem áður hafa verið upp talin. Þó væntingar hafi staðið til þess að geta komið til móts við alla nemendur með annað móðurmál en íslensku gekk það ekki upp og eru ýmsar ástæður fyrir því. Ekki reyndist hægt að fá leiðbeinendur til að kenna börnunum og ekki gekk heldur að fá foreldra inn í skólann til að taka málið að sér með okkar hjálp. Þegar tungumálín eru mörg er bæði erfitt að fá kennara sem hafa reynslu og menntun til að kenna á viðkomandi tungumáli og er það einnig mjög kostnaðarsamt. Við enduðum því á því að beina verkefninu að þjónustu við þesssa þrjá hópa sem greint var frá hér að ofan.

Eins og fyrr segir var þjónusta keypt frá Tungumálaveri Laugarlækjaskóla fyrir two nemendur sem búið höfðu í Noregi. Nemendum reyndist erfitt að vera í fjarnámi, þeim fannst flókið að

halda utan um fjarnámið og þurftu meiri aðstoð en við gerðum ráð fyrir í upphafi. Stóð norsku kennslan yfir fram að áramótum en eftir áramótin óskuðu nemendur og foreldrar þeirrar eftir því að þeir fylgdu bekkjarfélögum sínum í dönsku.

Megin þungi verkefnisins fór í kennslu nemenda frá Írak. Í vor baettust sex börn við í þann hóp og var því þörfin mikil og gríðarlega mikilvægt að vel tækist til. Töluverð reynsla hafði fengist við að taka á móti fyrri hópnum en þessir tveir hópar komu til landsins með ólíkum hætti. Í fyrri hópnum voru hælisleitendur en seinni kvótaflóttamenn. Opinber þjónusta við þessa hópa er ólík. Við lögðum þó strax áherslu á að allir fengju sömu þjónustu hjá okkur og nutum við þess þar að hafa fengið þennan styrk. Arabískumælandi kennari var í 66% stöðuhlutfalli við skólann og hafði veg og vanda við að verkefninu. Áhersla var lögð á að kenna börnunum grunnorðaforða á íslensku. Orðmyndir voru sýnilegar bæði á íslensku og arabísku og lögð var áhersla á að fá bækur á arabísku fyrir nemendur til að æfa lestur á sínu móðurmáli. Leitast var við að afla orðalista á arabísku í námsgreinum og internetið notað til að fræðast um viðfangsefni námsbókanna á arabísku. Þegar leið á verkefnið var sifellt meiri áhersla lög á íslenskunám nemenda og að hafa þau í að minnsta kosti 50% prósent af tíma sínum í skólanum í íslensku málumhverfi. Arabísku mælandi kennarinn fór á milli og aðstoðaði nemendur á þeirra móðurmáli en þau töku sifellt meiri þátt í vinnu bekkjarfélaga sinna.

Ávinningurinn

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið var að þeir nemendur sem komu frá arabískumælandi landi fengu góðan stuðning við aðlögun sína í íslensku málumhverfi. Það varð til gríðarleg reynsla við móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku sem við eignum eftir að nýta okkur við samskonar verkefni í framtíðinni. Eftir því sem leið á verkefnið var áherslan meiri á íslenskt málumhverfi í skólanum þó svo að samfélagsaðlögun og -fræðsla nemenda færi að mestu fram á arabísku.

Þó svo að nemendur hefðu verði 2 – 3 ár í Noregi sáum við að það var betra fyrir þá að taka þátt í dönskutínum með bekkjarfélögum í stað þess að vera einir að vinna í gegnum spjaldtölvur og leggja meiri áherslu á íslenskunám þeirra. Félagslegi þátturinn og samskipti á tungumálinu, sama hvaða tungumál það er, hefur mikið að segja fyrir nemendur sem ekki eru tilbúnir til þess að vinna mikið sjálfstætt og vera mikið einir við nám sitt.

Mat á verkefninu, niðurstöður

Markmiðin sem lagt var upp með náðust ekki að fullu þar sem ekki náðist að vinna með öll þau tungumál sem eru móðurmál nemenda okkar sökum kostnaðar og erfitt að manna þá kennslu. Eins skiptu nemendur úr fjarnámi í norsku yfir nám í dönsku með bekkjarfélögum.

Góður árangur náðist með kennslu arabískumælandi barna og studdi það vel við verkefnið að hafa arabískumælandi kennara til að sinna kennslunni. Í fyrri hópnum sem kom til okkar voru tveir ungligar og var lögð áhersla á að undirbúa þá nemendur sem best undir framhaldsskólanám. Þegar leið á haustið fengum við að vita að von væri á sex

arabískumælandi nemendum í viðbót, af þeim voru þrír nemendur á unglungastigi, sem kæmu eftir áramótin og var lögð aukin áhersla á að halda vel utan um kennslu þeirra og vera vel undirbún þegar hópurinn stækkaði. Öll samfélagsaðlögun og samfélagsfræði fór fram á arabísku og það er fullvissa okkar að nemendurnir 11 muni aðlagast betur að íslensku samfélagi vegna þess að kennslan fór fram á móðurmáli þeirra. Munum við í framtíðinni stefna á að hafa þennan hátt á samfélagsaðlögun nemenda sem eru nýfluttir til landsins.

Eftir því sem leið á verkefnið var tekin ákvörðun að auka við kennslu þeirra í íslensku og gera hana markvissari, t.d. með því að auka bæði skólatengdan orðaforða nemenda. Var lögð áhersla á að styðja við heimanám nemenda þar sem boðið var upp á heimanámstíma fyrir alla nemendur á unglungastigi og eins aðstoðaði kennari þeirra við lesfög s.s. náttúrufræði og skipulag heimanámsins.

Nú segja fræðin okkur að betra sé að nemendur séu að mestu leiti í íslensku málumhverfi á skólatíma. Þurfum við að halda áfram að vinna markvisst með íslenskukennslu erlendra nemenda skólans til þess að búa þau sem best undir áframhaldandi nám eftir að grunnskóla lýkur.

Við munum halda áfram með verkefnið skólaárið 2018 - 2019 með því að vinna markvissar að því að efla færni nemenda í íslensku máli og leitast við að hafa námsuhverfi þeirra hvetjandi. Við munum einnig leita áfram leiða til að efla móðurmálskennslu þeirra með ýmsum hætti og hugsum okkur þar m.a. að leita meira til foreldra og hvetja þá og upplýsa um mikilvægi þess að viðhalda móðurmáli barna sinna. Við munum leggja áherslu á að hafa íslenskt mál sýnilegt á veggjum skólans um leið og tungumáli nemenda er gert hátt undir höfði. Það er mikilvægt að nemendur upplifi það að menning þeirra sér virt. Í október 2018 munum við vera með þemadaga og halda Menningarmót en það er verkefni sem Kristín Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri fjölmennigar hjá Borgarbókasafninu í Reykjavík hefur mótað, sett upp og stýrt í mörgum skólum undanfarin ár. Á menningarmóti leggja allir fram sína menningu til kynningar og þar er menning allra þátttakanda á jafningjagrunni.

Áætlun um kynningu á verkefninu

Verkefnið var kynnt fyrir starfsmönnum skólans á starfsdegi í ágúst. Í haust verður kynning fyrir fræðslunefnd á fræðslunefndarfundi og einnig verður sagt frá verkefninu á heimasíðu Grunnskóla Reyðarfjarðar.

5. september 2018


Kristín Vilhjálmsdóttir
skólastjóri
Grunnskóli
Reyðarfjarðar
